



20. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 18. mars 2012

Fundur settur kl. 16:00 í kaffihúsinu í Álafosskvos.

Mætt: Sævar Kristinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir og Hekla Klemenzdóttir.

1. Aðstöðumálin
2. Undirbúningur aðalfundar félagsins
2. Samningar við bæinn

1. Aðstöðumál.

Badminton, Frjálsar, Fimleikar, Taekwondo og Karate höfðu sent álitserð/tillögur varðandi nýtingu fyrirhugaðs stálgrindarhúss. Ákveðið að formaður fundi með Þorgeiri Þorgeirssyni forstöðumanni fasteigna Mosfellsbæjar til að fá á hreint hvenær milliloft verði sett upp og eins með mögulega skiptingu salarkynna. Fundað verður með Karate-, Taekwondo- og fimleikadeild um samnýtingu stálgrindarhússins.

2. Undirbúningur aðalfundar félagsins

Handbolti og knattspyrna ásamt körfu hafa ekki enn haldið aðalfundi. Framkvæmdastjóri kallar eftir ársskýrslum allra deilda á morgun. Lagabreytingar og siðareglur fara inn á vef félagsins ekki síðar en á miðvikudag með fundarboði fyrir aðalfundinn 29. mars.

Framkvæmdastóri gerir drög að rekstraráætlun ásamt gjaldkera aðalstjórnar.

3. Samningar við bæinn. Samningar við bæinn hafa ekki enn verið undirritaðir. Bæjaryfirvöld ljá ekki máls á að hækka upphæðir í samningunum frá fyrra ári, þrátt fyrir verulega þörf Aftureldingar. Ákveðið var að halda viðræðum áfram um lausn brýnustu mála.

Annað ekki gert. Fundi slitið klukkan 17:00. Næsti fundur aðalstjórnar verður fimmtudag 22. mars kl. 20.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir